

Pottastýring með yfirhitavörn - rafstýrður botnloki

Pottastýring með yfirhitavara

- Thermomat ¾" blöndunarloki - 42ltr/min
- Mótorloki á innrennsli
- Mótorloki á affalli
- Hitanemi NTC

Uppsetning og tenging stjórnstöðvar

Stjórnstöð fest á vegg, þannig hún snúi eins og á mynd 1.

Hitanema komið fyrir í potti samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda eða tengimynd. Tengikapal hitanema og tæmiloka framlengt eftir þörfum og tengdir stjórnstöð.

Stjórnstöð tengd við rafmagn (230V).

Stjórnstöð ræst með því að snúa hægri rofanum (Slökkt-Kveikt).

Tæmiloka lokað með því að snúa vinstri rofanum (Tæmiloki Opinn-Lokaður).



Mynd 1: Pottastýring

Stilling á óska hitastigi



Til að stilla óska hitagildi í pott - Ýtið á SET
SP1 birtist á skjánum - Ýtið á SET



Breytið óska hitastigi í pott - notið örvarnar
UPP/NIDUR til að hækka eða lækka.



Vistið breytingar - Ýtið á SET
Ýtið á [left arrow] til að fara til baka

Innri stillingar stjórnstöðvar

Forstilltar breytur

Hámarksgildi (HS1) fyrir óskhita í potti 45°C

Lágmarksgildi (LS1) fyrir óskhita í potti 10°C

Mismunur (df1) (Differential) 0,5°C

Óskgildi (SP1) fyrir 35°C

Samræming hitastigs hitastýringar og raunhita í potti

Mælið raunhitastig í potti og berið saman við hitastig á skjá, skráið hitamismun +/- °C

Haldið SET inni í fimm sekúndur


Finnið valmynd CA1(ýtið á SET)

Veljið gildi með örvarum þannig að það passi við áður skráðan hitamismun. Leiðrétt hitastig ætti nú að passa við mælt hitastig í pott.

Frekari upplýsingar umstillingar:

https://www.eliwell.com/download/downloader.php?cat=prd_docs&id=669

Tengimynd



Stýring með yfirhita og tæmiloka 2022 orange/grey

